

Þriðjudaginn 10. júní 1969.

Nr. 102/1969. **Haukur Haraldsson og Pétur Valdimarsson**
persónulega og fyrir hönd Verktækni s/f
 gegn
Aðalgeiri & Viðari h/f og
Ásmundi S. Jóhannssyni setudómara.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. maí 1969 hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Akureyrar, sem kveðinn var upp 2. maí 1969, en sóknaraðiljar fengu vitneskju um úrskurðinn hinn 5. s. m. Skjöl málsins bærust Hæstarétti 31. maí 1969. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setudómari, Ásmundur S. Jóhannsson, viki sæti í máli varnaraðilja Aðalgeirs & Viðars h/f gegn sóknaraðiljum.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og setudómara gert að víkja sæti í greindu máli. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 2. maí 1969.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með áskorunarstefnu, birtri 11. janúar 1969, af Aðalgeiri og Viðari h/f, Akureyri, gegn Péttri Valdimarssyni, Þórunnarstræti 104, og Hauki

Haraldssyni, Reynivöllum 6, báðum á Akureyri, persónulega og fyrir hönd Verktækni s/f, Akureyri, til greiðslu in solidum á skuld kr. 40.000.00 samkvæmt vixli, útgefnum af stefnanda hinn 20. ágúst 1967 og samþykktum af stefnda Péttri pr. pr. Verktækni s/f til greiðslu í útibúi Iðnaðarbanka Íslands h/f, Akureyri, en á þeim tíma ráku stefndu, Pétur og Haukur, firmað Verktækni s/f sameiginlega og með fullri og ótakmarkaðri ábyrgð. Auk fyrrtaldrar skuldar, kr. 40.000.00, krafðist stefnandi þess, að stefndu greiddu 1% dráttarvexti af skuldinni á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 20. desember 1967 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Málið var þingfest 16. janúar 1969. Þá lögðu stefndu fram greinargerð sína. Kröfðust þeir þess aðallega, að þeir yrðu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim yrði dæmdur málskostnaður, en til vara, að stefnukrafan yrði stórlega lækkuð að mati dómara og málskostnaður felldur niður. Þar sem málið var víxilmál, var óskað eftir heimild til að koma fram vörnum í málinu samkvæmt 209. gr. laga nr. 85/1936 vegna þeirra lögskipta, sem liggja að baki víxlinum, og til þess að komast hjá nýrri málssókn samkvæmt 2. mgr. 209. gr. nefndra laga. Forsögu málsins kváðu stefndu vera þá, að í maí 1967 bauð Verktækni s/f út smíði á hurðum, gluggum og skápum í svefnskála í Mývatnssveit. Stefnendur gerðu boð í verkið, og hljóðaði það upp á kr. 128.770.00 og var lægsta boðið í verkið. Stefnendur hófu síðan að vinna að verkinu, enda töldu þeir, að tilboði þeirra hefði verið tekið, en síðar var gerð skápanna breytt, þeir minnkaðir, svo þeir yrðu ódýrari, eins og stefndu halda fram, en aðiljar deila um, hvort þessi breyting hafi átt að hafa áhrif á upphaflegt verðtilboð og að hve miklu leyti. Auk framangreindrar smíði tóku stefnendur að sér að vinna önnur verk fyrir stefndu og að sögn stefnanda án þess að taka fyrir það sérstakt endurgjald í stað þess sparnaðar, sem orðið hafi af breytingu skápanna.

Stefndu kveðast hafa gert ráð fyrir, að nýtt tilboð kæmi frá stefnendum, eftir að gerð skápanna var breytt. Kváðust þeir hafa greitt kr. 40.000.00 upp í verkið, en neitað að greiða meira, fyrr en endanlegt tilboð kæmi frá stefnendum ásamt sérreikningum fyrir aukaverk, sem unnin voru. Síðar samþykkti stefndi Pétur Valdimarsson tvo víxla fyrir eftirstöðvum upphaflega kaupverðsins og afhenti þá stefnanda, og er víxill sá, er um ræðir í máli þessu, annar þeirra. Í þinghaldi 23. s. m. lagði stefnandi fram greinargerð sína og taldi þar ekki ástæðu til að leyfa varnir

í málinu, sem eingöngu yrðu til að tefja það, en í lok þessa þinghalds féll hann frá synjun sinni með bókun. Var málinu síðan frestað til 3. febrúar s.l. og aftur til 10. s. m., og voru á þinghöldum þessum lögð fram nokkur skjöl. Daginn eftir voru ákveðnar vitnaleiðslur og aðiljayfirheyrslur, og vék þá hinn reglulegi dómari sæti í málinu ex officio, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936, þar sem Viðar Helgason, annar aðaleigandi og fyrirsvarsmaður stefnanda, er kvæntur systur hans, Birnu Eiríksdóttur, en auk þess er hún í varastjórn félagsins.

Núverandi dómari var skipaður setudómari í málinu hinn 11. febrúar s.l., en hann er jafnframt aðalfulltrúi við embætti hins reglulega dómara. Hóf hann sama dag vitna- og aðiljayfirheyrslur, og virtist gagnasöfnun vera að ljúka, þegar stefndu kröfðust þess í þinghaldi 14. f. m., að settur dómari í málinu viki sæti með tilvísun til 7. tl. 36. gr. einkamálalaganna, þar sem hættu sé á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, og byggja þá kröfu á því aðallega, að Freyr Ófeigssonar héraðsdómslögmaður, lögmaður stefnanda, sé fulltrúi við sama embætti og setudómarinn og sem slíkur einn af dómurunum við þann dómstól, og það samrýmist ekki stöðu hans að flytja mál fyrir dómnum. Síðan víkja stefndu að því, að fulltrúar við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu reki málflutningsstörf, og telja, að það fari í bága við allt réttaröryggi og engin nauðsyn sé fyrir hendi, sem réttlæti þetta.

Með því að dómari hefur sérstaka skipun til þess að fara með mál þetta, sbr. 30. gr. einkamálalaganna, 1. mgr., og ber á því skaðabóta- og refsíabýrgð gagnvart aðiljum, málið varðar hvorki hann né venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðilega og huglæg afstaða hans gagnvart umboðsmanni stefnanda er ekki önnur en gagnvart öðrum í lögfræðingastétt, virðast engin efni standa til að taka kröfu stefndu til greina.

Ályktarorð:

Kröfu stefndu er synjað.

Setudómara ber ekki að víkja sæti í máli þessu.
